

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld í Reykhólahreppi.

1. gr.

Almenn ákvæði.

- 1.1 Við útgáfu byggingarleyfis, framkvæmdaleyfis eða vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir, skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.
- 1.2 Tekjum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá þessari skal varið til að standa undir hluta kostnaðar sveitarfélagsins vegna þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa við lóðarhafa og byggingaraðila.

2. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Fyrir byggingarleyfi skv. 9. gr., sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, skal greiða gjöld sem hér segir:

- 2.1 Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Einbýlishús	kr. 212.012
Parhús, tvíbýlishús eða raðhús á einni hæð	kr. 178.536 pr. íbúð
Raðhús á fleiri en einni hæð eða fjölbýlishús með þremur íbúðum	kr. 152.041 pr. íbúð
Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 128.849 pr. íbúð
Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum eða fleiri	kr. 109.194 pr. íbúð
- 2.2 Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfplötur allt að 500 m ²	kr. 212.012
Atvinnu- og þjónustuhúsnæði, stofnanir, einnig sama húsnæði með íbúðum, gólfplötur stærri en 500 m ²	kr. 286.216
- 2.3 Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar:

Gjöld miðast við eina yfirferð aðaluppdráttá. Þá er innifalið byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar.

Frístundahús stærri en 50 m ²	kr. 212.012
Smáhýsi minna en 50 m ²	kr. 15.941
Smáhýsi frá 10 m ² að 25 m ² (aukahús við frístunda- og íbúðarhús)	kr. 53.003
Frístundahús 25-50 m ²	kr. 106.006
Sólstofur, bílageymslur og viðbyggingar allt að 20 m ²	kr. 53.003
Sólstofur, bílageymslur og viðbyggingar 20-100 m ²	kr. 106.006
Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru minni en 100 m ²	kr. 106.006
Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 m ² skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld nýbygginga.	
Vélagæmslur/korngeymslur allt að 150 m ² (ef stærra en 150 m ² gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 119.556
Fjárhús, fjós og hesthús og/eda sambærileg hús allt að 150 m ² (ef stærra en 150 m ² , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 119.556
Gróðurhús allt að 150 m ² (ef stærra en 150 m ² , gildir sama gjald og um væri að ræða atvinnuhúsnæði)	kr. 119.556
Gjald vegna húsa s.s. sumarhúsa sem flutt eru inn á svæði Reykhólahrepps fullbúin og sett á tilbúnar undirstöður	kr. 106.006

3. gr.

Þjónustugjöld.

3.1 Vegna annarrar þjónustu sem skipulags- og byggingarfulltrúi veitir skal greiða gjöld sem hér segir, sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010:

3.1.1	Afgreiðslugjald	kr.	14.506
3.1.2	Endurskoðun aðaluppdráttar	kr.	18.252
3.1.3	Breytt notkun á mannvirkjum	kr.	71.116
3.1.4	Áfangagjöld/stöðugjöld, skýrsla	kr.	47.025
3.1.5	Úttekt vegna meistaraskipta	kr.	47.025
3.1.6	Úttekt vegna byggingarstjóraskipta	kr.	47.025
3.1.7	Úttekt vegna rekstrarleyfis	kr.	47.025
3.1.8	Húsaleiguúttektir á íbúðarhúsnæði	kr.	47.025
3.1.9	Húsaleiguúttektir á atvinnuhúsnæði	kr.	47.025
3.1.10	Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga, 1-5 fastanúmer í húsi	kr.	44.172
3.1.11	Viðbót vegna eignaskiptayfirlýsingar, hvert fnr. > 5	kr.	6.057
3.1.12	Tímabundin stöðuleyfi	kr.	28.693
3.1.13	Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar, óendurkræft	kr.	36.823
3.1.14	Breyting og gerð á nýjum lóðarleigusamningi	kr.	52.286
3.1.15	Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	kr.	28.693
3.1.16	Aukaúttekt	kr.	16.578
3.1.17	Aukamæling á útsetningu húss	kr.	81.298
3.1.18	GPS mæling/lóðaruppdráttur (4-6 punktar)	kr.	71.733
3.1.19	Stofnun lóðar	kr.	46.622
3.1.20	Niðurrif mannvirkja	kr.	14.383

Útrentun á gögnum, teikningum eða öðrum tilheyrandi skjölum (svart/hvít):

A4 = kr. 64

A3 = kr. 135

A2 = kr. 478

A1 = kr. 797

Útrentun á deiliskipulagsuppdráttum o.fl. í lit:

A4 = kr. 239

A3 = kr. 399

A2 = kr. 797

A1 = kr. 1.594

4. gr.

Framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu.

4.1 Fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu samkvæmt 13. gr. sbr. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar sem hér segir:

Að meginreglu skal sá sem óskar eftir nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi aðal- eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem verkið hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum auglýsinga og kynninga vegna málsins.

4.2 Skipulagsnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

4.3 Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmið-unargjald vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímargjald skipulags- og byggingarfulltrúa sem er 14.347 kr./klst. eða gjald skv. reikningi.

Kostnaður vegna skipulagsvinnu.

4.4 Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:

Afgreiðslugjald	kr.	14.506
Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.347
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	kr.	430.400
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	kr.	286.934
4.5 Kostnaður vegna nýs deiliskipulags:		
Afgreiðslugjald	kr.	14.506
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.347
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	kr.	191.289
4.6 Kostnaður vegna verulegra breytinga á deiliskipulagi:		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.347
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr.	kr.	191.289
4.7 Kostnaður vegna óverulegra breytinga á deiliskipulagi:		
Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr., skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.347
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr.	kr.	63.763
4.8 Kostnaður vegna grenndarkynningar:		
Grenndarkynning	kr.	63.763
Grenndarkynning, minniháttar	kr.	27.896
<i>Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.</i>		
4.9 Skipulags- og byggingarfulltrúi áætla fjölda áfangaúttekta við útgáfu framkvæmdaleyfis og leggur á gjöld vegna þeirra við útgáfu leyfisins.		
4.10 Framkvæmdaleyfisgjald skal ekki vera hærra en sem nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirlit sem skylt er að framkvæma.		
4.11 Vegna aðkeyprtar vinnu við framkvæmdaleyfi sem nauðsynleg er vegna útgáfu þess skal innheimta sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.		
4.12 Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021 er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þeirrar vinnu hluti af útlögðum kostnaði þess við útgáfu framkvæmdaleyfisins.		
4.13 Fyrir framkvæmdaleyfi skal greiða gjöld sem hér segir:		
Afgreiðslugjald	kr.	14.506
Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.347
Framkvæmdaleyfi - aðrar framkvæmdir, skv. útlögðum kostnaði, viðmiðunargjald	kr./klst.	14.347
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	kr.	14.506
Umsýsla og yfirferð gagna	kr.	22.317
Afgreiðslugjald vegna sérhverrar úttektar	kr.	14.506
Áfangaúttekt	kr.	57.546

5. gr.

Gjalddagi, lögveð.

- 5.1 Gjalddagi afgreiðslugjalda er við afgreiðslu umsókna.
- 5.2 Gjalddagi leyfisgjalda er við útgáfu leyfis.
- 5.3 Gjalddagi þjónustugjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.
- 5.4 Afgreiðslugjöld eru ekki endurkræf þótt umsókn sé synjað, byggingarleyfi falli úr gildi eða umsókn dregin til baka. Leyfis- og þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru ekki endurkræf

þótt ekki verði af framkvæmd. Þó skulu áætluð þjónustugjöld endurgreidd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.

- 5.5 Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

6. gr.

Verðlagsbreytingar.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í desember 2023 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í desember 2023 er 115,7 stig.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 13. desember 2023 er í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslög nr. 123/2010. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og fellur þá úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1766/2021.

Reykhólahreppi, 13. desember 2023.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 5. febrúar 2024